

## Leiðbeiningar – Eldvarnir

- Forvarnir geta komið í veg fyrir eða dregið verulega úr hættunni á slysum á fólki og eignatjóni af völdum elds. Það skiptir því miklu máli að kynna sér vel hvað hægt er að gera til þess að auka öryggi á heimilinu sem og að heiman.
- Gerið því fernt:
  1. Kynnið ykkur málin og komið ykkur upp öllum nauðsynlegum útbúnaði.
  2. Sýnið aðgát með eld, rafmagn og gas og verið vel undirbúin ef eldsvoði kemur upp.
  3. Skipuleggið flóttaleiðir og æfið með allri fjölskyldunni. Kennið börnum neyðarnúmerið.
  4. Hugið vel að tryggingamálum og yfirfarið alla öryggisþætti reglulega.
- Félagsbústaðir hf. leggja metnað sinn í að sinna eldvörnum í sínum húsum, bæði í sameign og innan íbúðar. Slökkvitæki eru á göngum fjölbýlishúsa okkar og reykskynjarar og eldvarnarteppi í íbúðum. Ef þennan útbúnað vantar vinsamlegast hafið samband í síma 557-9664 milli kl.13-15:00.
- Allar ítarlegri upplýsingar um eldvarnir er að finna á vefsíðu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á [www.SHS.is](http://www.SHS.is). Einnig er fróðleg upplýsingasíða um forvarnir á heimasíðu VÍS á [www.VIS.is](http://www.VIS.is).

### Útbúnaður



1x á ári

- Reykskynjarar þurfa að vera sem hæst uppi og staðsetja þá rétt. Því fleiri, því betra.
- Eldvarnarteppi séu sýnileg á eldhúsvegg.
- Slökkvitæki eru ætluð eld á byrjunarstigi - kolsýru-, duft- eða léttvatnstæki.
- Gas-, hita- og kolsýruskynjarar henta vel þar sem aðstæður eiga við.

### Aðgát



- Kerti skal staðsetja og umgangast af varúð og vanda val á kertaskreytingu.
- Slökkvið á rafmagnstækjum utan notkunar, notið fjöltengi með rofa og ofhlaðið ekki.
- Fáðið fagmann í að tengja leiðslur, rofa o.fl.
- Skiptið út eldri rafmagnstöflum og tækjum.
- Gasnotkun þarfnast sérstakrar aðgætni.

### Flóttaleiðir - Neyðarnúmer



- Hafa þarf a.m.k tvær flóttaleiðir skipulagðar.
- Æfið „flóttaplan“ með fjölskyldunni og fræðið börnin um rétt viðbrögð og hættur reyks.
- Hringið á hjálp í neyðarnúmerið 112 og talið rólega og skýrt um ástand og staðsetningu.
- Ef hurð er heit við snertingu í eldsvoða skal finna aðra útgönguleið.

### Viðhald - Tryggingar



Kynntu þér

- Skiptið árlega um rafhlöður í reykskynjurum og yfirfarið handslökkvitæki.
- Aftengið rafmagnstæki í lengri fjarverum.
- Félagsbústaðir bera ábyrgð á sinni húseign. Innbú er í eigu og á ábyrgð leigutaka og því mikilvægt að tryggja það gegn bruna.
- VÍS býður leigutökum Félagsbústaða hagstæðar innbústryggingar.